



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 19.10.2022.  
Mál nr: M202210-0222

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjarvinnustefnu, 213. mál**

ASÍ styður að gerð verði úttekt á tækifærum í fjarvinnu og fjarvinnustefnu fyrir íslenskan vinnumarkað en telur jafnframt þingsályktunartillögunna of takmarkaða.

Nú þegar er í gildi hér á landi kjarasamningur um fjarvinnu ( sjá fskj. ) og ítarleg umfjöllun um hann á vef ASÍ.<sup>1</sup> Samningur þessi tekur á mörgum þeirra álitamála sem risið geta við upptöku fjarvinnu og lok hennar og ávarpar samhliða bæði réttarstöðu launafólks, aðbúnað og hollustuhætti.

Eins og réttilega er bent á í greinargerð með tillögunni óx fjarvinna mikið vegna Covid-19 faraldursins, þ.m.t. þvinguð fjarvinna. Covid leiddi til mikillar félagslegrar einangrunar almennt og getur þetta tímabil því ekki gefið rétta mynd af líðan og afstöðu launafólks til fjarvinnu sem við eðlilegar aðstæður getur leitt til félagslegrar einangrunar. Mikilvægt er því að úttektin taki jafnframt til stöðunnar fyrir og eftir Covid auk þess sem könnuð verði framkvæmd gildandi kjarasamnings.

Sumstaðar hefur fjarvinna leitt til aukinnar gerviverktöku sem felst í því að launafólks er gert að verktökum í störfum sem það í reynd vinnur sem launafólk í þjónustu atvinnurekanda en sem um leið sviptir það mikilvægum félagslegum-, kjarasamningsbundnum og lögbundnum réttindum. Einnig er ljóst að þó fjarvinna geti stuðlað að betra samræmi vinnu og einkalífs þá getur hún jafnframt haft mikil og neikvæð áhrif á fjölskyldu- og einkalíf launafólks þar sem skil milli vinnu og einkalífs verða óskýr. Rannsókn á vegum Eurofound og ILO er einnig að finna sem sýnir fram á að fjarvinnustarfsmenn vinna lengur og meira en aðrir<sup>2</sup> og aðrar sem fjalla um svokallað „techno-stress“<sup>3</sup> sem er víst sívaxandi vandamál.

Ljóst er einnig að fjarvinna getur falið í sér verulegt rekstrarhagræði sem hingað til hefur ekki verið skipt milli launafólks og atvinnurekanda.

---

<sup>1</sup> <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/radningarsambond-stofnun-og-edli/fjarvinna/>

<sup>2</sup> <https://www.eurofound.europa.eu/publications/report/2017/working-anytime-anywhere-the-effects-on-the-world-of-work>

<sup>3</sup>

[https://www.researchgate.net/publication/268220250\\_The\\_Janus\\_Face\\_of\\_the\\_%27New\\_Ways\\_of\\_Work%27\\_Rise\\_Risks\\_and\\_Regulation\\_of\\_Nomadic\\_Work](https://www.researchgate.net/publication/268220250_The_Janus_Face_of_the_%27New_Ways_of_Work%27_Rise_Risks_and_Regulation_of_Nomadic_Work)



ASÍ styður eins og fyrr segir að fjarvinnustefna fyrir íslenskt samfélag verði unnin en telur jafnframt að til grundvallar henni verði að liggja viðurkenndar og ítarlegar rannsóknir sem m.a. taki til þeirra þátta sem hér hafa verið nefndir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alpýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.